

Reglur um mótvægissjóð velferðarvaktarinnar

1. gr.

Tilgangur.

Starfræktur skal sérstakur mótvægissjóður velferðarvaktarinnar. Tilgangur sjóðsins er að styðja við aðgerðir sem draga úr afleiðingum efnahagskreppunnar fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu. Meðal verkefna sem til greina kemur að styrkja eru átaksverkefni fyrir tiltekna hópa sem hafa orðið illa úti í efnahagsástandinu, aðgerðir sem styðja starfsfólk sem aðstoðar þá sem eiga í miklum erfiðleikum og nauðsynlegar velferðarrannsóknir.

Enn fremur verður fé úr sjóðnum varið til vinnu við gerð félagsvísa velferðarvaktarinnar og til samræmingar verkefna á vegum félagasamtaka í almannabágu, hér eftir nefnd þriðji geirinn.¹

2. gr.

Stjórn og skipulag.

Stjórn mótvægissjóðsins er í höndum stýrihóps velferðarvaktarinnar sem gerir tillögur til félags- og tryggingamálaráðherra um veitingu styrkja hverju sinni.

3. gr.

Fjármunir, varsla og reikningshald.

Stofnframlag sjóðsins er 30 milljónir króna. Sjóðurinn er í vörslu ríkissjóðs og sér félags- og tryggingamálaráðuneyti um umsýslu hans.

4. gr.

Styrkveitingar.

Allt að 75% styrkfjárhæðar ár hvert skal varið til átaksverkefna, stuðnings við starfsfólk í velferðabjónustu, vinnu við gerð félagsvísa og nauðsynlegra velferðarrannsókna.

Allt að 25% styrkfjárhæðar ár hvert skal varið til samræmingar verkefna á vegum þriðja geirans og annarra nauðsynlegra verkefna, sbr. 1. gr.

Miða skal við að hver styrkur nemi aldrei hærri fjárhæð en helmingi heildarkostnaðar við verkefni. Hver styrkfjárhæð skal að jafnaði ekki vera lægri en 500 þúsund krónur.

Stýrihópur velferðarvaktarinnar gerir tillögu til ráðherra um fjölda styrkja og fjárhæð þeirra hverju sinni.

5. gr.

Auglýsingar um styrki og umsóknir.

Auglýst skal eftir styrkjum með eftirfarandi hætti:

¹ Með þriðja geiranum er einkum átt við sjálfstæð, frjáls samtök fólks sem hafa formlega innri gerð. Þriðji geirinn hefur annan tilgang en að hámarka hagnað í þágu stjórnenda eða meðlima og er stýrt á óvillhallan hátt. Hann er virkur á opinberum vettvangi og er starfseminni ætlað að auka almannagæði. Þá byggist starfsemin oft á framlagi sjálfboðaliða.

Styrkir til átaksverkefna og stuðnings við starfsfólk í velferðarþjónustu skulu auglýstir tvisvar á ári. Styrkir til rannsókna skulu að jafnaði auglýstir einu sinni á ári.

Stýrihópurinn getur ákveðið að leggja áherslu á ákveðin viðfangsefni í samræmi við tilgang sjóðsins og skal það koma fram í auglýsingum.

Kostnaður við rekstur sjóðsins skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins.

6. gr.

Sérstök verkefni á vegum velferðarvaktarinnar.

Stýrihópur velferðarvaktarinnar getur varið allt að 30% heildarráðstöfunarfjárins ár hvert til afmarkaðra verkefna án auglýsingar, meðal annars til samræmingar á verkefnum félagasamtaka og vegna kostnaðar við gerð félagsvísa.

7. gr.

Umsóknir um styrki.

Sótt skal um styrk, sbr. 5. gr., á sérstöku eyðublaði sem stýrihópur velferðarvaktarinnar lætur útbúa. Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

- a) Almenn lýsing verkefnis, fjárhæð sem sótt er um og ábyrgðarmaður verksins.
- b) Hvaða aðilar vinna að verkefninu og verkaskipting ásamt upplýsingum um forsvarsmenn, þar með talið aðsetur, símanúmer og netfang.
- c) Markmið verkefnis, þar með talinn markhópur, og mat umsækjenda á væntanlegri niðurstöðu verkefnis.
- d) Framkvæmdaáætlun með tímasetningum og greinargóðri lýsingu á framkvæmd verksins.
- e) Fjárhagsáætlun þar sem gerð er skýr grein fyrir heildarfjármögnun verkefnis, framlagi umsækjenda og annarra og hver sér um bókhald verkefnisins.
- f) Lýsing á samstarfi við aðra aðila í tengslum við verkefnið, þar með talin félagasamtök, einkaaðila og opinbera aðila.
- g) Áætlun um kynningu niðurstaðna og sýnileika verkefnis.

Umsóknir skulu sendar félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Stýrihópi velferðarvaktarinnar er heimilt að óska eftir nánari upplýsingum um verkefni, framkvæmdaáðila og fjármögnum og senda umsóknir til umsagnar sérfræðinga á viðeigandi sviði.

8. gr.

Afgreiðsla styrkja og skuldbindingar.

Styrkir skulu greiddir í tvennu lagi, 65% fjárhæðar við ákvörðun styrks og 35% þegar verkefni er lokið eða eftir atvikum við afhendingu áfangaskýrslu. Stýrihópi velferðarvaktarinnar er enn fremur heimilt að skilyrða styrkveitingar og ákveða að styrkir verði greiddir út með öðrum hætti í samræmi við framgang verkefnis.

Styrkir skulu veittir félögum og samtökum í almannabágu og opinberum aðilum. Einstaklingum verða að jafnaði einungis veittir styrkir til rannsókna.

Við úthlutun styrkja skal styrkþega sendur samningur þar sem fram koma þær skuldbindingar sem fylgja styrkveitingu, meðal annars að gerð sé grein fyrir ráðstöfun fjárins og eftir atvikum

skil á ytri staðfestingum. Þegar umsækjandi og fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra hafa undirritað samninginn skal styrkurinn greiddur út í samræmi við 1. mgr. Upplýsingar um hverjir hafa hlotið styrk úr sjóðnum skulu birtar opinberlega.

Styrkþegar skulu skila stýrihópi velferðarvaktarinnar lokaskýrslu og endanlegu fjárhagsuppgjöri að verkefni loknu. Stýrihópnum er eftir atvikum heimilt að óska eftir áfangaskýrslu. Styrkþegi sem ekki skilar fullnægjandi skýrslu og uppgjöri getur búist við að verða endurkrafinn um styrkinn.

Sé styrks ekki vitjað innan sex mánaða frá dagsetningu tilkynningar um styrkinn fellur hann niður.

Rannsóknir og niðurstöður verkefna sem hlotið hafa styrk samkvæmt reglum þessum skulu birtar almenningi samkvæmt nánari fyrirmælum stýrihóps velferðarvaktarinnar.

9. gr.

Meðferð umsókna.

Farið er með allar umsóknir og upplýsingar í fylgigögnum sem trúnaðarmál, sbr. þó 2. mgr. 7. gr.

Skýrslur um verkefni ásamt reikningum skulu vera undanþegnar trúnaðarskyldum nema þess sé sérstaklega óskað og stýrihópur samþykkir.

Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

10. gr.

Reikningar og endurskoðun.

Reikningsár mótvægissjóðs velferðarvaktarinnar er almanaksárið. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga sjóðsins.

11. gr.

Gildistaka og endurskoðun.

Reglum þessum verður beitt í fyrsta sinn við ákvörðun styrkja sumarið 2009.

Starfræksla og reglur mótvægissjóðs velferðarvaktarinnar skulu endurskoðuð eigi síðar en árið 2011.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. júní 2009

Árni Páll Árnason
félags- og tryggingamálaráðherra